

Fréttabréf Garðasels

Nóvember 2017



Foreldraviðtöl

Vikuna **6. – 17. nóvember** eru foreldraviðtöl á öllum deildum. Í forstofum deilda hanga uppi tímasetningar viðtala og eru foreldrar hvattir til að kíkja yfir það skipulag ef þeir eiga viðtöl í þessari viku. Systkinum verður fundin samliggjandi tími ef það hentar foreldrum betur.

Skipulagsdagur 13. nóvember

Mánudaginn 13. nóvember er skipulagsdagur og þann dag er leikskólinn lokaður. Skipulag þessa dags hjá starfsfólki er

- **Fræðslufundur allra leikskólanna í Tónbergi** – Skóli án aðgreiningar og Læsi
- **Fræðsla í leikskólanum** - tónlist með leikskólabörnum – Valgerður Jónsdóttir tónmenntakennari
- **Deildarvinna** – skipulag og endurmat



Dagur íslenskrar tungu

Fimmtudaginn 16. nóvember er Dagur íslenskrar tungu. Þennan dag halda skólar hátíðlegan með margvíslegum hætti og í Garðaseli hefur sú hefð verið að bjóða foreldrum til skemmtunar á Skála og þiggja smá veitingar. Lónið er ekki með skemmtun fyrir sína foreldra á þessum degi

en býður þeim í vorfagnað í maí í staðinn. **Ef foreldrar komast ekki þá er um að gera að bjóða ömmu / afa / eldri systkinum / frænkum / frændum** – ekkert mál að leysa það ☺ en erfitt er að finna aðrar tímasetningar hér vegna árgangaskiptinga og takmörkunar fjölda gesta samtímis.

- **2014 árgangur kl: 11.00-11.30**
- **2013 árgangur kl: 14.30 -15.00**
- **2012 árgangur kl: 15.15 -15.45**

Þema mánaðarins er Læsi

Í nóvember verður læsi helsta þemað í skólastarfinu. Þar munu deildir, árgangar og hópstjórar skipuleggja verkefni og viðfangsefni sem hæfa hverju aldurstigi fyrir sig. Unnið verður með læsi í fjölbreyttri mynd, s.s. lestur, orð og merkingu orða, bókstafinu / hljóðin þeirra, leika með orð og stafi (fyrsta staf í orði, allt orðið), vinna með stafagerð á fjölbreyttan hátt, fyrsta stafin í nafni barna / mömmu og pabba..... Unnið verður með læsi í stöðvavinnu, í hópastarfi, í samverustundum og vali ásamt því að tengja læsið inn í hreyfistundir og vettvangsferðir. Bókaormar eru á hverri deild þar sem börnin skiptast á að koma með bók að heiman til lestrar í samverustundum.



Læsi er lífsins leikur ☺

Ljósmyndasýning og Listasýning á Vökudögum



Ljósmyndasýning elstu barnanna á Vík **Það sem auga mitt sér** er sett upp á Höfða (1. hæð þegar komið er inn) fimmtudaginn 26. október. Hvert barn valdi sína mynd á sýninguna og eru margar fallegar og skemmtilegar myndir frá þeim nú eins og áður. Börnin fóru á Höfða á mánudeginum og sungu þar fyrir íbúa og þáðu veitingar, sérstaklega vel var tekið á móti þeim.

Listasýning allra elstu leikskólabarna á Akranesi, **Breiðin mín**, er í Vitanum en verkin taka mið af Breiðinni og svæðinu þar í kring.

Foreldrar og fjölskyldur barnanna eru hvattar til að skoða þessar flottu sýningar barnanna.

Vinna með hugleiðslu og slökun

Lára Dóra Valdimarsdóttir, sem er að klára Masternámi í leikskólakennarafræðum frá HÍ, er í verknámi á Víkinni og er Ásta leiðsögukenndari hennar. Lára Dóra er með verkefni tengt hugleiðslu og slökun sem hún ætlar að kynna og innleiða sem góða leið til að hjálpa börnum að finna sína innri ró og jákvæðni og ná að slaka á í erli dagsins. Lára Dóra og Helena fóru á námskeið hjá Hugarfrelsi til að fá betri innsýn í það sem byrjað var að vinna með. Foreldrar eru hvattir til að fara inn á www.hugarfrelsi.is en þar má hlaða niður fyrir lítinn pening slökunar- og hugleiðslusögum fyrir börn, mjög gott efni og aðgengilegt.



Fjölnota pokar, engir plastpokar



Búið er að kynna fyrir foreldrum umhverfisverkefni leikskólans að taka út notkun plastpoka undir blaut föt og koma á notkun fjölnotapokum sem má þvo og nota aftur og aftur. Foreldrar tóku mjög vel í þessa hugmynd og ákváðu Sigrún Ósk og Jón Þór, foreldrar á Vík, að gefa leikskólanum 80 poka eins og þennan hér til hægri merкта leikskólanum og eru þeim færðar þakkir fyrir þessa góðu gjöf. Síðan eru komnir aðrir stærri fjölnota pokar, sem leikskólinn fékk einnig að gjöf frá ónefndum velunnara, og verða þeir líka



settir í notkun, góðir undir útiföt og stærri heimsendingar. Mikilvægt er að pokarnir skili sér tilbaka þannig að alltaf séu pokar til staðar í hólfi barnanna og foreldrar þvo þá eftir þörfum. Þá eru foreldrar hvattir til að hafa aukapoka í kössum barnanna – alltaf þörf á því þegar blautt er úti.

YAP – Young Athlete Project í Garðaseli

Í júní kom Anna K Vilhjálmisdóttir, sem hefur umsjón með innleiðingu YAP á Íslandi, í Garðasel með kynningu á þessu verkefni og nálgun í starfi. Þá kynningu sátu 13 starfsmenn og síðan var verkefnið kynnt frekar á starfsmannafundi í október. Leikskólinn hefur þegar skilað inn **Fimm þrepa áætlun** um innleiðingu verkefnisins og áætlað er að Breki Guðmundsson, íþróttfræðingur og Ingunn Sveinsdóttir, sérkennslustjóri, hafa umsjón með þeim hópi barna sem undir verkefnið geta fallið.



Special Olympics

YAP er alþjóðlegt verkefni á vegum Special Olympics og markmiðið er að stuðla að því að öll börn fái nauðsynlega hreyfipjálfun. Ókeyppis aðgengi er að fræðsluefni og byggt er á einföldum æfingum sem hægt er að nota við mismunandi aðstæður. Á Íslandi var ákveðið að hefja jafnframt samstarf við leikskóla og hafa viðtökur verið einstaklega góðar og fjórir heilsuleikskólar komnir inn í samstarfið. Megináhersla er lögð á að skapa aðstæður þar sem börn sem þurfa á meiri þjálfun að halda fái auka hreyfitíma í því formi sem talið er henta á hverjum stað. Rannsóknir hafa sýnt að snemmtæk íhlutun getur haft jákvæð áhrif og því brýnt að bregðast við eins fljótt og hægt er.